

# Lög Foreldrafélags Ártúnsskóla

**1. grein.** Félagið heitir Foreldrafélag Ártúnsskóla.

**2. grein.** Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

**3. grein.** Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda og starfsfólks skólans og styrkja skólann í hvívetna. Einnig að efla samvinnu heimila og skóla. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum sem og standa fyrir viðburðum og skemmtikvöldum fyrir nemendur og forráðamenn. Jafnframt að koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál almennt í samráði við skólann og koma fram með óskir um breytingar á starfi skólans eftir atvikum.

**4. grein.** Stjórn félagsins skipa 5 menn kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum sem formaður, gjaldkeri, ritari, meðstjórnandi ásamt tengiliði við bekkjarfulltrúa. Stjórn félagsins skal halda a.m.k. 4 fundi á ári. Öll stjórnin skal kosin til eins árs í senn. Stjórnin skal koma sér saman um að a.m.k. 2 úr þeirra hópi sitji áfram næsta skólaár, þannig að ekki verði fleiri en 3 kosnir árlega.

**5. grein.** Aðalfund skal halda fyrir 15. október ár hvert og skal hann boðaður með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
2. Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárhagsafkomu félagsins og leggur fram reikninga félagsins til samþykktar
3. Kosning stjórnar
4. Kosning fulltrúa í skólaráð
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál

**6. grein.** Stjórnin skal hafa hvetjandi áhrif á samstarf bekkjarfulltrúa innan hvers árgangs. Ætlast er til að fulltrúar innan hversrar bekkjardeildar hafi með sér samstarf.

**7. grein.** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti atkvæða fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórninni 2 vikum fyrir aðalfund.

**8. grein.** Félagið eða stjórn þess skal ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra forráðamanna og starfsmanna skólans.

**9. grein.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Ártúnsskóli 13. okt. 2010*